

KIRKJUGARÐARÁÐ

Fjarfundur

168. fundur haldinn fimmtudaginn 17. september 2020

Pátttakendur voru: Ragnildur Benediktsdóttir formaður ráðsins sem stýrði fundi, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri og fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP og fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs, Smári Sigurðsson forstjóri Kirkjugarða Akureyrar og fulltrúi Kirkjubings, Sigurgeir Skúlason verkefnisstjóri Kirkjugarðaráðs og Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður Minjastofnunar Íslands sem ritaði fundargerð.

Gestur fundar var: Inga Sóley Kristjónudóttir verkefnastjóri hjá Minjastofnun Íslands undir lið 2.

1. Fundur settur.

Fundur hófst kl. 14:00

Fundargerð síðasta fundar lögð fram og samþykkt.

2. Gamli kirkjugarðurinn á Kirkjubóli í Langadal – framkvæmdir við garðinn.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir ferð sinni vestur og sýndi myndir. Inga Sóley Kristjónudóttir verkefnisstjóri gerði einnig grein fyrir ferð sinni og sýn á lagfæringu garðsins. Lagfæring kirkjugarðsins sem er gamall friðlýstur garður hefur farið úr böndum að mati fulltrúa Minjastofnunar Íslands. Ákveðið var að Kirkjugarðaráð og Minjastofnun sameinist um að laga garðinn.

3. Þingeyrakirkjugarður – fyrirspurn varðandi jarðsetningu á beinum sem upp komu við fornleifauppgröft.

Um er að ræða uppgröft á vegum Steinunnar Kristjánsdóttur prófessors hjá Háskóla Íslands. Ráðið gerði ekki athugasemdir við jarðsetninguna og var framkvæmdastjóra falið að senda erindi um málið til Minjavarðar Norðurlands vestra.

4. Næsti fundur.

Næsti fundur verður haldinn 8. október kl. 13:00.

5. Önnur mál.

Engin.

Fleira ekki gert,

Fundi slitið kl. 14:30.

Ragnildur Benediktsdóttir,
formaður

Kristín Huld Sigurðardóttir,
ritari